Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi:	**Forsætisráðherra**
Sendandi:	**Skrifstofa löggjafarmála**
Dagsetning:	**12.03.2018**
Málsnúmer:	**FOR18020124**
Bréfalykill:	**0.1.5**

Efni: Svar við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ráðleggingar um túlkun siðareglna

Með fyrirspurn, dags. 19. febrúar 2018, óskaði Björn Leví Gunnarsson eftir upplýsingum um það hversu oft aðrir ráðherrar leituðu til forsætisráðuneytisins vegna siðareglna ráðherra frá 2013 og til dagsins í dag. Samkvæmt meðfylgjandi drögum að svari fundust alls sex tilvik í málaskrá ráðuneytisins þar sem veitt var ráðgjöf vegna siðareglna eða samþykki vegna aukastarfa ráðherra veitt, sbr. b.-lið 3. gr. núg. siðareglna ráðherra nr. 1250/2017. Um er að ræða eftirfarandi tilvik:

1. FOR14100066 - Október 2014
Aðstoðarmaður þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra leitaði til forsætisráðuneytisins vegna óskar gullsmiðs um að lána ráðherra skartgripi til að bera opinberlega. Ekki yrði um gjöf að ræða heldur myndi ráðherra skipta um gripi með reglubundnum hætti. Forsætisráðuneytið lét í ljós þá afstöðu að slíkur samningur samrýmdist tæplega siðareglum ráðherra og varð ekki af samningsgerðinni.

2. FOR15040086 - Apríl 2015
Aðstoðarmaður þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra leitaði til forsætisráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar þátttöku ráðherra í jómfrúarferð WOW Air til Washington D.C. Ekki yrði greitt fyrir maka ráðherra. Ráðgjöf forsætisráðuneytis var veitt með símtali, þar sem m.a. kom fram að það væri verjandi að ráðherra þiggi boðsferðir af þessu tagi þegar um væri að ræða nýbreytni í starfsemi íslenskra fyrirtækja.

3. FOR17010120 - Janúar 2017
Þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leitaði til forsætisráðuneytisins og óskaði eftir samþykki fyrir því að sitja í stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Fram kom að mánaðarlegar greiðslur fyrir störfin væru ríflega 100.000 kr. Einnig var forsætisráðherra upplýstur um setu ráðherra í stjórn Þroskahjálpar og Golfsambands Íslands, en þau störf væru ólaunuð. Í svarbréfi forsætisráðuneytis kom fram að leggja yrði til grundvallar að greiðslur fyrir stjórnarsetuna væru innan hóflegra marka í skilningi siðareglna ráðherra og væru þær samþykktar. Hins vegar var athygli ráðherra vakin á ýmsum atriðum sem varða stöðu og hlutverk Leikfélags Reykjavíkur í tengslum við mat á því hvort stjórnarsetan uppfyllti önnur skilyrði siðareglnanna.

4. FOR17010121 - Janúar 2017
Þáverandi heilbrigðisráðherra leitaði eftir ráðgjöf um hvort þátttaka í starfi hljómsveitar samrýmdist siðareglum ráðherra. Fyrir lá að a.m.k. þrennir tónleikar væru fyrirhugaðir á árinu. Í svarbréfi forsætisráðuneytis var lagt til grundvallar að aukastörfin samrýmdust siðareglum ráðherra en þess farið á leit að forsætisráðuneytið yrði upplýst um fjárhæðir greiðslna til ráðherra þegar þær lægju fyrir.

5. FOR17030096 og FOR 17030097 - Mars 2017
Dómsmálaráðherra óskaði samþykkis forsætisráðuneytis fyrir aukastörfum sem felast í ritun greina fyrir Morgunblaðið. Fram kom að greinarnar birtust hálfsmánaðarlega og greiðslur næmu 7.000 kr. í

hvert sinn. Í svarbréfi forsætisráðuneytis kom fram það mat að aukastörfin samrýmdust siðareglum ráðherra, einkum með hliðsjón af því að afrakstur starfanna birtist opinberlega og að þeirra væri getið í hagsmunaskrá ráðherra á vef Alþingis.

6. FOR17030119 - Mars 2017

Ráðuneytisstjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins leitaði til forsætisráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar þátttöku ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í boðsferð Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins til Washington D.C. Í erindinu kom fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hygðist greiða ferðakostnað ráðherra en viðskiptaráðið hafi boðist til að greiða kostnað fyrir maka ráðherra og barn. Í svarbréfi forsætisráðuneytis kom fram að ekki væri hægt að mæla með því að ráðherra þekktist boðið. Var þar m.a. horft til þess að Amerísk-íslenska viðskiptaráðið hefur það hlutverk að standa vörð um viðskiptatengda hagsmuni félaga sinna gagnvart bandarískum og íslenskum yfirvöldum.

Siðareglur ráðherra
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: FOR14100066
Málalyklar: 2.4.51 Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna
Eigandi skjals: Páll Þórhallsson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 13.10.2014
Dagsetning skjals: 10.10.2014

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: CN=Ingvar Pétur Guðbjörnsson/OU=ANR/O=NotesSTJR

Frá: Ingvar Pétur Guðbjörnsson/ANR/NotesSTJR
Dags: 10.10.2014 13:27:24
Til: Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Efni: Siðareglur ráðherra

Sæll Páll.

Ég vildi kanna hjá þér hvort það væri nokkuð í andstöðu við siðareglur ráðherra að bera skartgripi sem viðkomandi fær að láni frá gullsmið?

Það hafði samband við ráðherra gullsmiður og óskaði eftir því að fá að lána henni skartgripi til að bera. Hann er með nokkra þjóðþekkta Íslendinga sem bera vörur hans.

Ráðherra óskaði eftir því við mig að kanna við þig hvort þetta standist ekki örugglega siðareglur ráðherra. Ekki er um að ræða gjafir heldur gæti orðið um að ræða að ráðherra skipti um gripi með reglubundum hætti og beri skartið tímabundið.

Með kveðju,
Ingvar

Ingvar Pétur Guðbjörnsson
aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra / Political Advisor to the Minister of Industry and Commerce
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 150 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9700
http://www.anr.is - Fyrirvari/Disclaimer

Til: Ingvar Pétur Guðbjörnsson/ANR/NotesSTJR@NotesSTJR
Efni: Re: Siðareglur ráðherra
Upplýsingar: Sent: 13.10.2014 10:05:29 af Páll Þórhallsson
Málsnúmer: FOR14100066

Tilvísun í mál: FOR14100066

Sæll Ingvar,

1. Í c-lið 1. gr. siðareglna ráðherra segir að ráðherra notfæri sér ekki stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig. Í a-lið 4. gr. segir að ráðherra forðist allt athæfi sem líklegt er til að vekja grunsemdir um að hann notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni. Þá kemur fram í d-lið 3. gr. að gjafir umfram minniháttar persónulegar gjafir skuli renna til viðkomandi ráðuneytis.

Vissulega er hér ekki um að ræða gjöf í eiginlegum skilningi. Hins vegar er verið að bjóða ráðherra þjónustu sem að öllum líkindum myndi venjulega kosta talsverða fjármuni, þ.e. að fá skartgripi leigða. Henni yrði sem sagt ekki boðin þessi þjónusta nema vegna þess að hún er ráðherra og þekktur stjórnmálamaður. Skiptir þá ekki öllu máli hvor eigi frumkvæðið að þessu fyrirkomulagi. Vissulega er líklegt að það sem vaki fyrir ráðherranum sé fyrst og fremst að vera opin fyrir því að kynna íslenska hönnun en ekki að njóta sjálf góðs af. En þá vakna almennar spurningar um hvort það sé við hæfi að ráðherra taki þátt í að kynna sérstaklega vörur eins fyrirtækis, enda má búast við að viðkomandi gullsmiður muni auglýsa það að ráðherrann sé meðal viðskiptavina. Ímynda má sér að fleiri fyrirtæki kæmu þá í kjölfarið og vildu fá sambærilegan samning varðandi sínar vörur. Fljótt myndi þá fara af stað umræða um að ráðherrar væru "kostaðir" af þessum og hinum fyrirtækjum.

2. Í a-lið 2. gr. kemur fram að ráðherra skuli forðast hagsmunaárekstra og gæta þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín.

Fara þyrfti yfir það hvort ráðherrann kunni að lenda í þeirri stöðu að þurfa að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á viðkomandi fyrirtæki sérstaklega. Fyrirfram verður það þó að teljast ólíklegt og þá væri fyrir hendi sá möguleiki að ráðherrann viki sæti.

3. Þá kemur fram í c-lið 4. gr. að ráðherra gæti jafnræðis þegar kemur að því að greiða götu einstakra fyrirtækja á erlendum vettvangi.

Af þessu ákvæði má draga þá ályktun að ráðherra eigi að fara mjög varlega í að greiða götu fyrirtækja hér innanlands. Jafnframt má af þessu draga þá ályktun að mögulegt væri að ráðherra kynnti íslenska hönnun erlendis, til dæmis með því að bera skartgripi fengna að láni, þegar sóttir eru viðburðir erlendis. En þá yrði að gæta jafnræðis og skuldbinda sig ekki gagnvart einu fyrirtæki.

Að öllu samanlögðu verður að telja hæpið út frá siðareglum ráðherra að gera samning af þessu tagi við viðkomandi gullsmið.

Bkv. Páll

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri / Director
Skrifstofa löggjafarmála / Department of Legislative Affairs
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

Ráðherra í boðsferð
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: FOR15040086
Málalyklar: 6.11 Siðareglur Stjórnarráðsins
Eigandi skjals: Páll Þórhallsson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 30.04.2015
Dagsetning skjals: 29.04.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: CN=Ingvar Pétur Guðbjörnsson/OU=ANR/O=NotesSTJR

Frá: Ingvar Pétur Guðbjörnsson/ANR/NotesSTJR
Dags: 29.04.2015 14:31:47
Til: Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Efni: Ráðherra í boðsferð

Sælir

Ég þarf að heyra í þér varðandi boðsferð sem ráðherra hefur verið boðið í. Jómfrúarferð flugfélags á nýrri flugleið.

Forsætisráðherra fór sambærilega ferð í fyrra til Edmonton.

Ég er að velta fyrir mér með siðareglur og annað.

Gætir þú slegið á þráðinn til mín við tækifæri.

Kv.
Ingvar

s. 699 1799 eða beint númer 545 9855

Ingvar Pétur Guðbjörnsson
aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra / Political Advisor to the Minister of Industry and Commerce
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9700
http://www.anr.is - Fyrirvari/Disclaimer

Í kjölfar tölvupósts hringdi PÞ í aðstoðarmann ráðherra sem útskýrði nánar hvernig boðsferðin væri hugsuð. Fram kom að líklega yrðu einhverjir fundir/móttökur með opinberum aðilum í Washington á flugvellinum við komuna þangað. Boð til maka ráðherra hefði hins vegar verið afþakkað, þ.e. afþakkað að félagið greiddi fyrir hann. PÞ greindi frá því að skiptar skoðanir væru innan FOR á því hvort þetta samræmdist siðareglum. Hlutverk siðareglna væri meðal annars að hvetja til umhugsunar, þær gæfu sjaldnast afdráttarlaus svör. Að mati PÞ væri það verjandi að ráðherra þiggi boðsferð af þessu tagi þegar um er að ræða nýbreytni í starfi íslensks fyrirtækis. Einnig spilaði jafnræði inn í, því áður hefði Icelandair fengið stuðning af þessu tagi frá ráðherrum. PÞ átti einnig samtal við KS, ráðuneytisstjóra ANR á sömu nótum.

Reykjavík, 16.janúar 2017

Hæstvirtur forsætisráðherra.

Ég sit í stjórn Leikfélags Reykjavíkur(LR) og hef gert undanfarin 3 ár. Ég þigg laun fyrir þá stjórnarsetu og fæ greitt að jafnaði mánaðarlega ríflega kr. 100.000,-

Í ljósi siðareglna ráðherra þá óska ég eftir því, sbr. 3.gr. b-liðar að forsætisráðherra veiti mér heimild til að sitja áfram í stjórn LR. Væri gott að sú ákvörðun liggi fyrir sem fyrst.

Einnig er rétt að upplýsa forsætisráðherra að ég sit í stjórn Þroskahjálpar og í stjórn Golfsambands Íslands. Þær stjórnarsetur eru ekki launaðar.

Með góðri kveðju,

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2017
Tilv.: FOR17010120/1.6.8

Vísað er til bréfs yðar, dags. 16. janúar sl., þar sem þess var farið á leit að forsætisráðuneytið veiti samþykki fyrir því að þér sitjið í stjórn Leikfélags Reykjavíkur samhliða störfum sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands, með vísan til siðareglna ráðherra nr. 400/2016. Í bréfinu kemur fram að þér hafið setið í stjórn félagsins undanfarin þrjú ár og greiðslur fyrir störfin nemi 100.000 kr. á mánuði. Loks segir að rétt þyki að upplýsa forsætisráðherra um að þér sitjið í stjórn Þroskahjálpar og Golfsambands Íslands en þær setur séu ólaunaðar.

Í 2. gr. siðareglna ráðherra segir í a.-lið að ráðherra forðist árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar og gæti þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín. Takist honum ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skuli hann upplýsa um þá. Í b.-lið sömu greinar kemur fram að ráðherra upplýsi um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum með því að fylla út eyðublað á vegum skrifstofu Alþingis.

Ráðherrastarf telst fullt starf samkvæmt a.-lið 3. gr. siðareglnanna. Ráðherra gegni ekki öðrum störfum á meðan. Frá þessari reglu er mælt fyrir um undantekningu í b.-lið greinarinnar. Þar segir að ef ráðherra sinni öðrum tilfallandi verkefnum sé honum óheimilt að þiggja greiðslur fyrir nema þær séu innan hóflegra marka og að fengnu samþykki forsætisráðuneytisins.

Samkvæmt framangreindu setja siðareglur ráðherra eftirfarandi skilyrði fyrir því að ráðherra þiggi greiðslur fyrir starfrækslu annarra verkefna:
a. Verkefnin séu *tilfallandi*
b. Greiðslur fyrir verkefnin séu *innan hóflegra marka*
c. Verkefnin valdi *ekki hagsmunaárekstrum*

Að mati forsætisráðuneytisins verður að leggja til grundvallar að greiðslur fyrir stjórnarsetuna séu innan hóflegra marka í skilningi siðareglna ráðherra nr. 400/2016 og eru þær samþykktar með vísan til b.-liðar 3. gr. reglnanna. Hins vegar vekur forsætisráðuneytið athygli yðar á eftirfarandi atriðum í tengslum við mat á því hvort stjórnarsetan uppfylli önnur skilyrði siðareglnanna. Samkvæmt inngangsorðum reglnanna gætir hver og einn ráðherra að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum.

Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun, var stofnað þann 11. janúar 1897 og rekur Borgarleikhúsið. Leikhúsið er rekið með sérstökum rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg og nemur framlag borgarinnar um 593 m.kr. á leikári samkvæmt upplýsingum á vef félagsins. Jafnframt nýtur félagið stuðnings fyrirtækja og ýmissa styrkveitinga úr opinberum sjóðum samkvæmt umsókn hverju sinni. Samkvæmt framangreindu er ljóst að Leikfélag Reykjavíkur er rekið að stórum hluta fyrir opinbert fé, mestmegnis frá sveitarfélögum en félagið hefur einnig notið annarra opinberra styrkja. Starfsemi félagsins er þannig háð framlögum frá opinberum aðilum. Stjórnir sjálfseignarstofnana fara með málefni þeirra og annast um að skipulag þeirra og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 33/1999. Þannig er gert ráð fyrir því að stjórn sjálfseignarstofnunar komi fram fyrir hönd hennar í samningaviðræðum, m.a. við opinbera aðila, og riti firma hennar, sbr. 1. mgr. 26. gr. sömu laga. Þá þykir einnig skipta máli að ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fer með mál sem varða sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum nr. 33/1999 og hefur eftirlit með framkvæmd laganna, en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfar í sama ráðuneyti. Við þessar aðstæður er ekki loku fyrir það skotið að hagsmunaárekstrar kunni að verða á milli ráðherrastarfa og setu í stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Í þessu samhengi skal tekið fram að staða ráðherra sem stjórnarmanns í félagi getur ein og sér verið til þess fallin að önnur stjórnvöld leitist við að greiða götu félagsins án þess að til komi bein eða óbein fyrirmæli ráðherra eða önnur afskipti.

Einnig ber að líta til þess að seta ráðherra í stjórn félagasamtaka telst tæplega til tilfallandi verkefna í skilningi b.-liðar 3. gr. siðareglna ráðherra. Að mati forsætisráðuneytisins verður að leggja til grundvallar að tilfallandi verkefni séu tilviksbundin, þ.e. unnin til að bregðast við tiltekinni stöðu eða ná ákveðnu markmiði. Stjórnarseta í fyrirtækjum og félagasamtökum er nokkuð annars eðlis, þar sem verkefnin eiga sér stað á grundvelli tiltekinnar stöðu sem viðkomandi gegnir í lengri tíma. Siðareglur ráðherra gera ekki ráð fyrir því að ráðherrar sinni öðrum störfum samhliða ráðherradómi en tilfallandi verkefnum, sbr. meginreglu a.-liðar 3. gr. reglnanna. Þetta virðist eiga við um ólaunuð störf jafnt sem launuð. Hins vegar er ljóst að á Íslandi hefur skapast sú venja að ráðherrar gegni ólaunuðum trúnaðarstörfum, þar á meðal setu í stjórnum félagasamtaka. Þykir ekki vera ástæða til að fullyrða að ráðherrum sé almennt óheimilt að sinna slíkum verkefnum en gæta þarf að því að þau samrýmist ráðherrastörfum í hvívetna.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Arnljótsdóttir

Oddur Þorri Viðarsson

Fw: Fyrirspurn varðandi siðareglur
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: FOR17010121
Málalyklar: 1.6.8 Fyrirspurnir til ráðuneytis
Eigandi skjals: Páll Þórhallsson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 18.01.2017
Dagsetning skjals: 17.01.2017

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: CN=Páll Þórhallsson/OU=FOR/O=NotesSTJI

From: Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR
Date: 17.01.2017 11:44:34
To: Oddur Þorri Viðarsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Subject: Fw: Fyrirspurn varðandi siðareglur

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri / Director
Skrifstofa löggjafarmála / Department of Legislative Affairs
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

----- Forwarded by Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR on 17.01.2017 11:44 -----

From:	Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR
To:	Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Cc:	Ágúst Geir Ágústsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Date:	13.01.2017 11:24
Subject:	Fyrirspurn varðandi siðareglur

Sæll, Páll.

Siðareglum var dreift og um þær fjallað og ef ekki koma fram athugasemdir munu þessar reglur gilda áfram. Óttarr Proppé óskar eftir -upplýsingum í tölvupósti frá þér um það hvort þátttaka hans í hljómsveit og tónleikum sem greiðsla kemur fyrir (þrír bókaðir á þessu ári) sé ósamrýmleg siðareglum eða hvort hún sé samrýmanleg ef hann þiggur ekki greiðslu fyrir. Viltu skoða hvort hann tilgreinir þetta í hagsmunaskráningu alþingismanna og ef ekki benda honum á að gera það, hyggist hann þiggja greiðslur.

Getur þú samið póst til hans sem svarar þessu?

Bestu kveðjur,

Ragnhildur.

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary / Departementchef
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsi við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2017
Tilv.: FOR17010121/1.6.8

Vísað er til erindis yðar, sem borið var upp við ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, þar sem leitað var ráðgjafar um það hvort þátttaka yðar í starfi hljómsveitar, einkum tónleikahaldi, samrýmist siðareglum ráðherra nr. 400/2016. Fyrir liggur að a.m.k. þrennir tónleikar eru fyrirhugaðir á árinu 2017.

Í 2. gr. siðareglna ráðherra segir í a.-lið að ráðherra forðist árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar og gæti þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín. Takist honum ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skuli hann upplýsa um þá. Í b.-lið sömu greinar kemur fram að ráðherra upplýsi um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum með því að fylla út eyðublað á vegum skrifstofu Alþingis.

Ráðherrastarf telst fullt starf samkvæmt a.-lið 3. gr. siðareglnanna. Ráðherra gegni ekki öðrum störfum á meðan. Frá þessari reglu er mælt fyrir um undantekningu í b.-lið greinarinnar. Þar segir að ef ráðherra sinni öðrum tilfallandi verkefnum sé honum óheimilt að þiggja greiðslur fyrir nema þær séu innan hóflegra marka og að fengnu samþykki forsætisráðuneytisins.

Samkvæmt framangreindu setja siðareglur ráðherra eftirfarandi skilyrði fyrir því að ráðherra þiggi greiðslur fyrir starfrækslu annarra verkefna:
a. Verkefnin séu *tilfallandi*
b. Greiðslur fyrir verkefnin séu *innan hóflegra marka*
c. Verkefnin valdi *ekki hagsmunaárekstrum*

Að mati forsætisráðuneytisins verður að leggja til grundvallar að þátttaka yðar í fyrirhuguðu tónleikahaldi teljist til tilfallandi verkefna. Þá verður ekki séð að þátttakan sé til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum. Þó ber að árétta að ekki er unnt að útiloka að svo kunni að verða, til að mynda í tilvikum þar sem opinberra styrkja er aflað til tónleikahalds eða verkefnið nýtur annars konar fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera. Því er beint til yðar að gæta sérstaklega að framangreindum ákvæðum siðareglna ráðherra við framkvæmd tónleikanna. Forsætisráðuneytið er reiðubúið að veita yður frekari ráðgjöf ef upp koma álitamál í þessu sambandi.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða forsætisráðuneytisins að samþykkja þátttöku yðar í fyrirhugðu tónleikahaldi með vísan til b.-liðar 3. gr. siðareglna ráðherra nr. 400/2016, enda verði greiðslur fyrir verkið innan hóflegra marka. Þess er farið á leit að forsætisráðuneytinu verði kynntar fjárhæðir greiðslna þegar þær liggja fyrir.

Loks er vakin athygli yðar á því að ekki verður séð að fyrirhuguð aukastörf hafi verið skráð samkvæmt reglum um skráningu um fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings, sbr. einnig b.-lið 2. gr. siðareglna ráðherra nr. 400/2016.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Arnljótsdóttir

Oddur Þorri Viðarsson

Fw: Tilkynning skv. 3. gr. siðareglna
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: FOR17030097
Málalyklar: 1.6.8 Fyrirspurnir til ráðuneytis
Eigandi skjals: Páll Þórhallsson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 21.03.2017
Dagsetning skjals: 21.03.2017

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: CN=Ragnhildur Arnljótsdóttir/OU=FOR/O=NotesSTJR

From: Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR
Date: 21.03.2017 15:53:17
To: Oddur Þorri Viðarsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR, Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
cc: Ágúst Geir Ágústsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Subject: Fw: Tilkynning skv. 3. gr. siðareglna

Vinsamlegast skrá í málaskrá.

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri
/ Permanent Secretary / Departementchef
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

----- Forwarded by Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR on 21.03.2017 15:52 -----

From:
Sigríður Á. Andersen/IRR/NotesSTJR
To:
Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Cc:
Ragnhildur Hjaltadóttir/IRR/NotesSTJR@NotesSTJR, Ágúst Geir Ágústsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Date:
21.03.2017 15:51
Subject:
Tilkynning skv. 3. gr. siðareglna

Til forsætisráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra hefur um árabil ritað greinar hálfsmánaðarlega í sunnudagsblað Morgunblaðsins og þegið kr. 7000 fyrir. Þetta kemur fram í hagsmunaskráningu dómsmálaráðherra sem birt er á vef alþingis. Dómsmálaráðherra hyggst halda því áfram og óskar eftir samþykki forsætisráðuneytisins, sbr. b - lið 3. gr. siðareglna ráðherra frá 21. febrúar 2017.

Sigríður Á. Andersen.

Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra / Minister of Justice
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanríkisraduneyti.is / Fyrirvari/Disclaimer

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Dómsmálaráðuneytið
Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2017
Tilv.: FOR17030097/1.6.8

Vísað er til erindis yðar, dags. 21. mars sl., þar sem þess var farið á leit að forsætisráðuneytið veiti samþykki fyrir því að þér ritið greinar í Morgunblaðið samhliða störfum sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands, með vísan til siðareglna ráðherra nr. 190/2017. Í erindinu kemur fram að greinarnar birtist hálfsmánaðarlega og nemi greiðslur fyrir ritstörfin 7.000 kr. í hvert sinn.

Í 2. gr. siðareglna ráðherra segir í a.-lið að ráðherra forðist árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar og gæti þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín. Takist honum ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skuli hann upplýsa um þá. Í b.-lið sömu greinar kemur fram að ráðherra upplýsi um fjárhagsleg hagsmunatengsl eða önnur tengsl sem valdið geta hagsmunaárekstrum með því að fylla út eyðublað á vegum skrifstofu Alþingis.

Ráðherrastarf telst fullt starf samkvæmt a.-lið 3. gr. siðareglnanna. Ráðherra gegni ekki öðrum störfum á meðan. Frá þessari reglu er mælt fyrir um undantekningu í b.-lið greinarinnar. Þar segir að ef ráðherra sinni öðrum tilfallandi verkefnum sé honum óheimilt að þiggja greiðslur fyrir nema þær séu innan hóflegra marka og að fengnu samþykki forsætisráðuneytisins. Samkvæmt framangreindu setja siðareglur ráðherra eftirfarandi skilyrði fyrir því að ráðherra þiggi greiðslur fyrir að sinna öðrum verkefnum:

a. Verkefnin séu *tilfallandi*
b. Greiðslur fyrir verkefnin séu *innan hóflegra marka*
c. Verkefnin valdi *ekki hagsmunaárekstrum*

Hér verður einnig að líta til þess að ráðherrar njóta tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Að mati forsætisráðuneytisins verður að leggja til grundvallar að greiðslur fyrir ritstörfin séu innan hóflegra marka í skilningi siðareglna ráðherra nr. 400/2016. Þá verður ekki séð að störfin séu til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum. Í þessu sambandi er einkum horft til þess að afrakstur þeirra birtist almenningi opinberlega og þeirra er getið í hagsmunaskráningu yðar á vef Alþingis, sbr. b.-lið 2. gr. siðareglna ráðherra.

Forsætisráðuneytið vekur athygli yðar á því að ritstörfin teljast tæplega til tilfallandi verkefna í strangasta skilningi. Að mati forsætisráðuneytisins verður að leggja til grundvallar að tilfallandi verkefni séu tilviksbundin, þ.e. unnin til að bregðast við tiltekinni stöðu eða ná ákveðnu markmiði. Þetta atriði þykir þó ekki eitt og sér standa því í vegi að ráðherra inni af hendi umfangslítil ritstörf og þiggi hóflegar greiðslur fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu veitir forsætisráðuneytið samþykki fyrir því að þér sinnið ritstörfum samkvæmt erindi yðar með vísan til b.-liðar 3. gr. siðareglna ráðherra nr. 190/2017.

Fyrir hönd ráðherra

Páll Þórhallsson

Oddur Þorri Viðarsson

FW: Boð til ráðherra
Páll Þórhallsson til: Oddur Þorri Viðarsson 17.03.2017 15:14

History: This message has been replied to.

Sent with Good (www.good.com)

---------Forwarded by Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR on 17.03.2017 15:14:08------

--------Original Message--------

From : Kristján Skarphéðinsson/ANR/NotesSTJR
To : Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
cc : Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Sent on :10.03.2017 13:19:09 GMT
Subject : Re: Boð til ráðherra

Sæll

Drögin að dagskránni eru hér að neðan. Ráðuneytið hefur heimild til að greiða fyrir maka (ekki barn). Ég er hins vegar alltaf að hugsa um að spara fyrir ríkið ef hægt er.

IACC
THE ICELANDIC - AMERICAN CHAMBER OF COMMERCE, INC

AMIS
Amerísk-íslenska viðskiptaráðið

Amerísk-íslenska viðskiptaráðið ▪ Kringlan 7 ▪ 103 Reykjavík ▪ Tel +354 510 7111 ▪ kristin@chamber.is ▪ www.amis.is

Monday, May 8th:

09:00-10:30 Merrill Lynch: US Economic Outlook

11:30-13:30 **Lunch - Hilton:** 5-10 min. kynning á vörumerkinu, stærð, hótel etc. erlendar fjárfestingar – eftir hverju eru þau að leita/US outbound markaður, trends

14:00-15:30 **Burson-Marsteller**: relationship between business and gov.

16:00-17:30 Fannie Mae: US Housing Market Outlook

18:30-20:30 Reception / Buffet Dinner (Kalorama)

Tuesday, May 9th:

09:00-11:00 **IACC Conference**

12:00-14:00 Lunch – **World Bank** (hvaða topic?) $45 hádegisverður

14:30-16:30 Think Tank (hvaða topic?)

17:00-18:00 Heimsókn í þingið

20:00 Einhverskonar viðburður

Ath:

https://www.brookings.edu (broad based tax reform)
http://www.cbpp.org (liberal: impact of federal and state government budget policies from a Progressive viewpoint)
https://piie.com (study of international economic policy)
https://www.csis.org ("finding ways to sustain American prominence and prosperity as a force for good in the world")
https://www.aspeninstitute.org ("fostering enlightened leadership, the appreciation of timeless ideas and values, and open-minded dialogue on contemporary issues.")
https://www.newamerica.org (education policy)
http://bipartisanpolicy.org (economic policy)
http://www.atlanticcouncil.org (transatlantic finance)
http://www.worldwatch.org (climate and energy/environment and society)
http://www.thebestschools.org/features/most-influential-think-tanks/ (economic freedom)

Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9700
http://www.anr.is - Fyrirvari/Disclaimer

Páll Þórhallsson	Sæll Kristján, gætirðu sent okkur dagskrá ferðarin...	09.03.2017 15:04:15

From: Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR
To: Kristján Skarphéðinsson/ANR/NotesSTJR@NotesSTJR
Cc: Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Date: 09.03.2017 15:04
Subject: Re: Boð til ráðherra

Sæll Kristján,

gætirðu sent okkur dagskrá ferðarinnar og upplýsingar um hvort ráðherra og fjölskylda hyggist lengja ferðina og taka frí erlendis í tengslum við hana? Liggur fyrir hvers vegna ráðið er reiðubúið að greiða þessi fargjöld? Hefur það áhrif á hvort makinn og ungabarnið koma með? Myndi ekki ráðuneytið borga hvort eð er fyrir makann, a.m.k.?

Bkv. Páll

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri / Director
Skrifstofa löggjafarmála / Department of Legislative Affairs
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8400
forsaetisraduneyti.is / pmo.is - Fyrirvari/Disclaimer

Kristján Skarphéðinsson	Sæll Páll Amerísk íslenska viðskiptaráðið...	09.03.2017 10:55:21

From: Kristján Skarphéðinsson/ANR/NotesSTJR
To: Páll Þórhallsson/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Cc: Ragnhildur Arnljótsdóttir/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Date: 09.03.2017 10:55
Subject: Boð til ráðherra

Sæll Páll
Amerísk íslenska viðskiptaráðið hefur skipulagt ferð til Washington DC í samstarfi við Íslensk ameríska viðskiptaráðið, sendiráð Íslands í Washington og viðskiptafulltrúa Íslands í Bandaríkjunum. Með í för verður Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir Ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarmálaráðherra og mun Geir H. Haarde, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, taka þátt í dagskránni. Ráðuneytið greiðir ferðina fyrir ráðherra en nú hefur stjórn ráðsins boðist til að greiða fargjöld fyrir maka ráðherra og ungabarn. Aðilar að ráðinu eru fjölmörg íslensk fyrirtæki og utanríkisráðuneytið. Geri ráð fyrir að starfseminn sé fjármögnuð með félagsgjöldum. Sérð þú einhverja vankanta á þessu?

Kv Kristján

Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9700
http://www.anr.is - Fyrirvari/Disclaimer

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2017
Tilv.: FOR17030119/1.6.8

Vísað er til erindis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. mars sl., þar sem óskað var ráðgjafar forsætisráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarmálaráðherra með vísan til siðareglna ráðherra nr. 190/2017. Í erindinu kemur fram að Amerísk-íslenska viðskiptaráðið (AMIS) hafi skipulagt ferð til Washington D.C. í samstarfi við Íslensk-ameríska viðskiptaráðið (ISAM), sendiráð Íslands í borginni og viðskiptafulltrúa Íslands í Bandaríkjunum. Geir H. Haarde, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, muni taka þátt í dagskránni. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið muni greiða ferðina fyrir ráðherra en stjórn AMIS hafi boðist til að greiða fargjöld fyrir maka ráðherra og ungabarn.

Í 2. gr. siðareglna ráðherra segir í a.-lið að ráðherra forðist árekstra milli almannahagsmuna annars vegar og fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna sinna eða fjölskyldu sinnar hins vegar og gæti þess að persónuleg tengsl hafi ekki áhrif á störf sín. Takist honum ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi skuli hann upplýsa um þá. Þá greinir í c.-lið 1. gr. að ráðherra notfæri sér ekki stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðila sér nákomna.

Í 3. gr. reglnanna segir í c.-lið að ráðherra sé ekki heimilt að hafa einkanot af gæðum starfsins nema að svo miklu leyti sem lög og reglur leyfi. Jafnframt kemur fram í e.-lið að ráðherra þiggi að jafnaði ekki boðsferðir af einkaaðilum nema opinberar embættisskyldur séu hluti af dagskrá ferðarinnar. Loks segir í a.-lið 4. gr. að ráðherra forðist allt athæfi sem líklegt sé til að vekja grunsemdir um að hann notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.

Siðareglur ráðherra veita leiðsögn um það hvers konar framganga hæfir ráðherra og gefa almenningi færi á að bera hegðun ráðherra saman við skráðar og útgefnar reglur. Hver og einn ráðherra gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Við mat á því hvort það samræmist ákvæðum siðareglna ráðherra að maki og barn ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarmálaráðherra þiggi boðsferðina vekur forsætisráðuneytið athygli á eftirfarandi sjónarmiðum.

Forsætisráðuneytið hefur kynnt sér dagskrá ferðarinnar. Þar er ekki sérstaklega gert ráð fyrir aðkomu ráðherra eða fjölskyldu hans.

AMIS er tengslanet fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem vilja efla og viðhalda viðskiptatengslum á milli Bandaríkjanna og Íslands. Þá er ráðið vettvangur til að fjalla opinberlega um hagsmunamál í viðskiptum ríkjanna tveggja og fyrir samskipti við hið opinbera. Samkvæmt upplýsingum á vef ráðsins stendur það vörð um viðskiptatengda hagsmuni félaga sinna gagnvart amerískum og íslenskum yfirvöldum. Eðli málsins samkvæmt verður að telja sérstaklega varhugavert að ráðherrar eða fjölskyldur þeirra þiggi gjafir eða boðsferðir frá félagasamtökum sem hafa slíkan tilgang, sér í lagi þegar ætla má að ráðherra þurfi að beita sér sérstaklega í málum sem varða aðila þeirra. Gæta verður þess í hvívetna að ekki megi draga í efa hæfi ráðherra til að taka ýmist ívilnandi eða íþyngjandi ákvarðanir sem haft geti áhrif á hagsmuni félaga sem standa að viðskiptaráðinu.

Athygli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er jafnframt vakin á því að þegar leitað var til forsætisráðuneytisins í aðdraganda boðsferða, sem Ragnheiður Elín Árnadóttir fór til Washington D.C. dagana 8.-10. maí 2015 í boði WOW Air ehf. var skýrlega tekið fram að boð félagsins til maka ráðherra hefði verið afþakkað. Ætla verður að sömu sjónarmið og þá voru lögð til grundvallar eigi við þegar tekin verður ákvörðun um hvort umrætt boð AMIS verði þegið.

Með hliðsjón af framangreindu getur forsætisráðuneytið ekki mælt með því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þiggi boð Amerísk- íslenska viðskiptaráðsins um að greiða fargjöld til Washington D.C. fyrir maka og barn ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarmálaráðherra.

Fyrir hönd ráðherra

Páll Þórhallsson

Oddur Þorri Viðarsson